



TÓNLISTARSKÓLI RANGÆINGA

Fundagerð

Fundagerð 17. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga, haldinn 24. apríl 2020, kl. 14:00 í fjarfundakerfinu Zoom.

Mættir: Anton Kári Halldórsson, Ágúst Sigurðsson, Brynja J. Jónasardóttir, Jens Sigurðsson, Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri og Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri.

Anton Kári Halldórsson ritaði fundagerð

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2020 - Tónlistarskólinn

Klara Viðarsdóttir fer yfir rekstur tónlistarskólans í janúar – mars 2020. Rekstur gengur vel og er á áætlun.

2. Mannauðsmál tónlistarskólans – Umsóknir um stöðu skólastjóra

Tónlistarskóli Rangæinga auglýsti stöðu skólastjóra með umsóknarfresti til 15 apríl. Alls bárust 8 umsóknir um stöðuna. Stjórn mun boða alla umsækjendur til viðtals og vinna áfram að ráðningu skólastjóra.

3. Úr starfi tónlistarskólans

Sigurgeir Guðmundsson fer yfir almennt starf tónlistarskólans undanfarnar vikur. Kennsla hefur að flestu leyti gengið ljómandi vel, þrátt fyrir að vera með talsvert breyttu sniði v. Covid-19. Reiknað er með að þann 4. maí hefjist kennsla með hefðbundnu sniði og verði þannig þær tvær vikur sem eftir eru af skólahaldi. Útskrift nemenda mun fara fram í vikunni 18. – 22. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45